



Reykjavík, 13. maí 2020
R20050132
óm

Ofbeldisvarnarnefnd

Tillaga Regínu Bergmann Guðmundsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Kjalarness um sjálfsvarnarkennslu í grunnskólum fyrir nemendur á unglingastigi

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 12. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga Regínu Bergmann Guðmundsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Kjalarness:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að innleiða sjálfsvarnarkennslu í alla grunnskóla Reykjavíkur, annað hvort sem sér kennslugrein eða sem hluta af íþróttakennslu, eigi síðar en á haustönn 2021.

Greinargerð:

Undanfarin misseri hefur borið á aukinni ofbeldishegðun meðal ungmenna á Íslandi. Birtingarmynd þess er frábrugðin því sem áður var en í dag er algengt að slagsmál séu tekin upp og síðan deilt í gegnum samfélagsmiðla. Við, unga fólk ið í landinu, verðum að öllum líkindum meira vör við ofbeldið heldur en eldra fólk sem notar samfélagsmiðla ekki eins mikið. Okkur stendur uggur af tíðni ofbeldis og teljum okkur oft ekki örugg og þá sérstaklega ekki þegar við erum ein á ferð. Af þessum sökum leggur ungmennaráð Kjalarness til að Reykjavíkurborg bregðist við með því að sjá nemendum á unglingastigi í grunnskólum Reykjavíkur fyrir kennslu í grunnþáttum sjálfsvarnar.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar ofbeldisvarnarnefndar

Athygli er vakín á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísí Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælst til þess að tillagan verði afgreidd af ofbeldisvarnarnefnda fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.